



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 15. apríl 2019

SFS2019020054

1.2.0

ADG/RES/shj

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Ráðhúsi 101 Reykjavík

Svar skóla- og frístundasviðs við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um vinnuslys á leik- og grunnskólum borgarinnar - R19020109

Á fundi borgarráðs 13. mars 2019 var lög fram framhaldsfyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um vinnuslys í leik- og grunnskólum borgarinnar - R19020109

Fyrirspurn;

Samkvæmt samantekt sérfræðings í vinnuumhverfismálum hjá Kennarasambandi Íslands, vegna vinnuslysa í leik- og grunnskólum kemur fram að vinnuslysum kennara í leik- og grunnskólum hefur fjölgað frá árinu 2008-2017. Ná tölur frá einnig til starfsfólks sem skilgreinist ekki sem kennarar þ.e.a.s. ófaglærðs starfsfólks á grunn- og leikskólum? Í gegnum tíðina hafa komið upp aðstæður þar sem mannekla hefur verið á leik- og grunnskólum, hefur það verið kannað hvort að skortur á starfsfólki leiði til aukins vinnuálags og auki þar að leiðandi líkur á vinnuslysum? Eða hefur það á einhvern hátt verið tekið inn í þetta samhengi þegar ástæður vinnuslysa eru skoðaðar?

Svar:

Í samantekt yfir vinnuslys í grunn- og leikskólum sem sérfræðingur hjá KÍ vann úr gögnum frá Vinnueftirlitinu nær starfsheitið kennari yfir alla starfsmenn leik- og grunnskóla.

Fyrirspurn:

Í gegnum tíðina hafa komið upp aðstæður þar sem mannekla hefur verið á leik- og grunnskólum, hefur það verið kannað hvort að skortur á starfsfólki leiði til aukins vinnuálags og auki þar að leiðandi líkur á vinnuslysum? Eða hefur það á einhvern hátt verið tekið inn í þetta samhengi þegar ástæður vinnuslysa eru skoðaðar?

Svar:

Ekki hefur verið kannað sérstaklega hvort að aukningu á slysum á starfsmönnum megi rekja til skorts á starfsfólki.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir

Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs